

Reykjavík, mars. 2023

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur

***Efni: Umsögn Félags skólastjórnenda í Reykjavík um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla.***

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík hefur kynnt sér efni skýrslunnar.


Starfshópnum til hróss þá er skýrslan mjög vel unnin, læsileg og framsetning skýr þar sem helstu niðurstöður eru reifaðar í samantekt um verkefnið.

Félagið fagnar tillögunni og telur ýmsa kosti fylgja því að bjóða tilvonandi nemendum 1. bekkjar að byrja í Sumarfrístund. Um er að ræða tvær sviðsmyndir og ljóst að seinni sviðsmynd gerir leikskólanum kleift að hefja innritun nýrra barna fyrr, sem gefur auga leið að skiptir máli í stöðunni sem uppi er.

Félagið bendir á að mikilvægt er að ígrunda vel skipulagningu á verkefninu hvað varðar starfsfólk og ekki síður þarf að kostnaðargreina verkefnið. Í því samhengi má nefna að mönnun grunnskólahlutans er ráðinn út frá skyldum er varðar um lög um grunnskóla.

Einnig er bent á að húsnæðiskostur skólanna er mjög mismunandi þegar kemur að rými og aðstöðu til að mæta þörfum hópsins. Tilraunaverkefni sem þetta væri einn þáttur af mörgum í vegferðinni um betri borg fyrir börn og því þarf ekki fjölyrða um mikilvægi þess að vel takist til með innleiðingu.

F.h. Félags skólastjórnenda í Reykjavík,



Arndís Steinþórsdóttir, formaður